

Mál nr. 383/2012**M****og****Vátryggingafélag X v/A****og****Vátryggingafélag Y v/B****Árekstur bifreiða við mætingu í blindbeygju þann 28.08. 2011.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 27.08. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 17.09. 2012.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 04.09. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Áreksturinn varð í blindbeygju við mætingu bifreiðanna á Borgarvegi Húnaþingi vestra sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum. Auðvelt hafi verið fyrir B að vika fyrir A.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna setti alla sök á ökumann A.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og aðstæðum á vettvangi ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Hann gætti ekki þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg er við þrönga blindbeygju. Miðað við gögn málsins var ökuhraði hans of mikill.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 10. október 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.